

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
139. fundur.

**Miðvikudaginn 9. október 2013 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2014, umræða um gjaldskrár og fl.**
3. **Kjör fulltrúa á ársþing SSNV.**
4. **Viðauki við fjárhagsáætlun 2013.**
5. **Fundargerðir:**
  - a) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 24. sept. 2013.
  - b) Stjórnar SSNV, dags. 8. maí 2013.
  - c) Stjórnar SSNV, dags. 27. ágúst 2013.
  - d) Stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra, dags. 27. ágúst 2013.
  - e) Stjórnar SSNV, dags. 16. sept. 2013.
  - f) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 28. ágúst 2013.
  - g) Markaðsstofu Norðurlands, dags. 11. sept. 2013.
  - h) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 24. sept. 2013.
6. **Bréf:**
  - a) Frá EBÍ, dags. 06.09.2013.
  - b) Frá bændum í fyrrum Sveinsstaðarhreppi, ódagsett.
  - c) Frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dags. 09.09.2013.
  - d) Frá Vinstri hægri vinstri, dags. 22.08.2013.
  - e) Frá fjárlaganefnd Alþingis, dags. 26.09.2013.
  - f) Frá Innanríkisráðuneyti, dags. 18.09.2013.
  - g) Frá Velferðarráðuneyti, dags. 25.09.2013.
  - h) Frá Umhverfisstofnun, dags. 24.09.2013.
7. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps er tekin fyrir undir dagskrárlið 5 i)

**1. Skýrsla sveitarstjóra.**

Mánudagin 2. okt. s.l. áttu oddviti og sveitarstjóri áttu fund með fulltrúum Emax og forstjóra RARIK um notkun ljósleiðara milli Blönduóss og Húnavalla. Fulltrúar sveitarfélagsins sátu einnig fjármaláráðstefnu sveitarfélaga dagana 3. og 4. okt. sl. og orkufund Samtaka orkusveitarfélaga. Kynnt var staða varðandi uppsetningu á fjarskiptabúnaði Emax. Ca 2/3 af sendum eru komnir upp og um helmingur af móttökubúnaði. Áætlað er að verkinu ljúki á næstu tveim vikum. Boðað er til fundar í Veiðifélagi Blöndu og Svartár föstudagin 11. október n.k. Sveitarstjóri verður fulltrúi Húnavatnshrepps á fundinum. Kynnt var erindi frá fjallskilanevnd Auðkúluheiðar dags. 8. október 2013, þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess hvort sveitarfélagið komi með einhverjum hætti að greiðslu kostnaðar við auka smalanir vegna óveðursspár og sveitarstjórn óskaði eftir að yrði framkvæmd. Afgreiðslu erindisins var frestað.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
139. fundur.

Fundur þingmanna með fulltrúum sveitarstjórna á Norðurlandi- vestra verður mánudaginn 21. okt. n.k. Rætt var um þau málefni sem Húnavatnshreppur mun leggja áherslu á á fundinum..

**2. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2014, umræða um gjaldskrár og fl.**

Farið var yfir gjaldskrár, launakjör sveitarstjórnar og nefnda, styrki, sorphirðugjöld, sorpeyðingargjöld, rotþróargjöld og fl.

**3. Kjör fulltrúa á ársþing SSNV.**

Fulltrúar frá Húnavatnshreppi á ársþing SSNV 2013. Aðalfulltrúar: Þóra Sverrisdóttir, Magnús R. Sigurðsson og Guðmundur R. Halldórsson. Til vara: Ingibjörg Sigurðardóttir, Jakob Sigurjónsson og Jens P Jensen.

**4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2013.**

Sveitarstjóri lagði fram tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun 2013, sem að stærstum hluta byggir á ákvörðunum sveitarstjórnar tímabilið 27. febrúar til 9. september 2013. Rekstrargjöld aðalsjóðs hækka um 6,6millj. kr. sem skiptast þannig niður á málaflokka:

04 Fræðslumál.	2.490.000 kr.
05 Menningarmál.	70.000 kr.
09. Skipulags og bygg. mál.	250.000 kr.
11. Umhverfismál	800.000 kr.
21. Sameiginlegur kostn.	490.000 kr.
27. Óvenjulegir liðir	2.500.000 kr.

Með tillögum fylgja sundurliðanir og frekari skýringar.

Vegna mismunar á útreiknuðum söluhagnaði eigna lækka tekjur eignasjóðs um 1. 884 þúsund kr.

Með viðaukum er áætlað að rekstrarhagnaður A og B hluta verði 3.898 þús kr. í stað 12.381 þús kr.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingar í A-hluta sveitarstjóðs hækki um 8,8 millj. kr. og verði í heild um 26,9 millj. kr. samkvæmt sundurliðun þar um.

Aukin útgöld eru fjármögnuð með sölu eigna og eigin fé.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

**5. Fundargerðir:**

a) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 24. sept. 2013.

Til kynningar.

b) Stjórnar SSNV, dags. 8. Maí 2013.

Til kynningar.

c) Stjórnar SSNV, dags. 27. ágúst 2013.

Til kynningar.

d) Stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra, dags. 27. Ágúst 2013.

Til kynningar.

e) Stjórnar SSNV, dags. 16. sept. 2013.

Til kynningar.

f) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 28. ágúst 2013.

Til kynningar.

g) Markaðsstofu Norðurlands, dags. 11. sept. 2013.

Til kynningar.

h) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 24. Sept. 2013.

Til kynningar.

## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 139. fundur.

i) Skipulags- og byggingarnefnd Húnavatnshrepps, dags. 8. október 2013.

Fundargerðin er í 6. liðum.

**Dagskrárlíður 1.** Umsókn frá eigendum Rútsstaða um stofnun lóðar umhverfis íbúðarhúsið á Rútsstöðum. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

**Dagskrárlíður 2.** Erindi frá Drifkrafti ehf, Hnjúki. Umsókn um byggingarleyfi til breytinga og breytta notkun á fjárhúsi í geldneytafjós. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Magnús R. Sigurðsson tók ekki þátt í afgreiðslu sveitarstjórnar á málinu.

**Dagskrárlíður 3.** Erindi frá RARIK, umsókn um byggingarleyfi fyrir dæluhús yfir borholu RR -22 í landi Reykja. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

**Dagskrárlíður 4.** Erindi frá RARIK, umsögn um hugsanlega byggingu aðstöðuhúss á borplani RR-22 í landi Reykja. Sveitarstjórn tekur undir umsögn nefndarinnar.

**Dagskrárlíður 5. og 6.** Þarfnast ekki staðfestingar sveitarstjórnar.

### 6. Bréf:

a) Frá EBÍ, dags. 06.09.2013.

Efni: Stjórn EBÍ hefur samþykkt að greiddar verði út 150 millj. kr. til aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2013. Hlutdeild Húnavatnshrepps er 333 þúsund kr..

Lagt fram til kynningar.

b) Frá bændum í fyrrum Sveinsstaðahreppi, ódagsett.

Efni: Áskorun til sveitarstjórnar frá níu bændum í fyrrum Sveinsstaðahreppi um að fresta hrossagöngum í Víðidalsfjalli og á Sauðadal til 11. október n.k.

Sveitarstjórn hafnaði því að verða við þessari áskorun og var hlutaðeigandi aðilum gerð grein fyrir því með erindi dags. 16. sept. 2013.

c) Frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dags. 09.09.2013.

Efni: Flokkun vega utan vegakerfis Vegagerðarinnar vegna utanvegaaksturs.

Erindinu var vísað til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd.

d) Frá Vinstri hægri vinstri, umferðarfræðsla í grunnskólum, dags. 22.08.2013.

Efni: Styrkbeiðni að upphæð 35 þús. kr. Leikrit til að fræða yngstu nemendur í Húnavatnshreppi um hættur sem leynast í umferðinni.

Sveitarstjórn samþykkti erindið.

e) Frá fjárlaganefnd Alþingis, dags. 26.09.2013.

Efni: Fundir sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2013.

Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir fundi með fjárlaganefnd mánudaginn 28. október nk. kl. 14.30.

f) Frá Innanríkisráðuneyti, dags. 18.09.2013.

Efni: Vakin er athygli á því að þann 6. mars sl. var barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna lögfestur á Íslandi með lögum nr. 19/2013. Staðið verður fyrir fræðsluþingi um ofbeldi gegn börnum í öllum landshlutum í október mánuði. Fræðsluþingin eru á vegum vitundavakningar um kynferðislegt, líkamlegt og andlegt ofbeldi gegn börnum sem er samstarfsverkefni velferðar-, mennta- og menningarmála- og innanríkisráuneyta. Hvatt er til að kjörnir fulltrúar, embættismenn og aðrir starfsmenn sveitarfélaga sækji þingið.

Til kynningar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
139. fundur.

g) Frá Velferðarráðuneyti, dags. 25.09.2013.

Efni: Áform um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

*Sveitarstjórn Húnavatnshrepps lýsir yfir áhyggjum af þróun heilbrigðisþjónustu í héraðinu í ljósi þeirra staðreyndar að Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi hefur búið við mikinn samdrátt síðastliðin ár. Það kemur fram í ný útkominni skýrslu Hagfræðistofnunar að starfsmönnum fækkaði um 25% frá árinu 2007 til 2011, úr 60 í 45, og er nú svo komið að lengra verður ekki komist án þess að það bitni verulega á þjónustu við íbúanna.*

*Af gefnu tilefni leggur sveitarstjórn Húnavatnshrepps mikla áherslu á að staðið verði vörð um heilbrigðisþjónustu í héraðinu. Ef að sameiningaráform heilbrigðisráðherra og Velferðarráðuneytis ganga eftir fer sveitarstjórn Húnavatnshrepps fram á að það verði tryggt að sú breyting leiði ekki til skertrar þjónustu fyrir íbúana né frekari fækkunar starfa. Það er afar mikilvægt að íbúar geti fengið heilbrigðisþjónustu í sinni heimabyggð.*

h) Frá Umhverfisstofnun, dags. 24.09.2013.

Efni: Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga 24. október 2013.

Til kynningar.

**7. Önnur mál.**

Umræða án bókana.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl.16.30

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Guðrún Sigurjónsdóttir

---

Jakob Sigurjónsson

---

Guðmundur R. Halldórsson

---

Ingibjörg Sigurðardóttir.

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Hjálmar Ólafsson

---

Jens P. Jensen